

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 30. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri (533. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til innleiðing á 16. gr. tilskipun ESB nr. 2005/56 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Álitamál er varða aðkomu starfsmanna að starfsemi félaga sem ætla sér að sameinast yfir landamæri leiddu til umtalsverðra tafa á innleiðingu tilskipunarinnar um milliríkjasamruna. Tiltekin aðildarríki óttuðust annars vegar að félög myndu nýta sér milliríkjasamruna til þess að komast undan reglum þeirra um þátttöku starfsmanna í stjórnnum félaga og hins vegar að slíkt kerfi, er fælu í sér mun strangari reglur, yrðu flutt til aðildarríkjanna með samrunum.

Að mati Efnahags- og félagsmálanefndar ESB þá er meginmunur þeirrar útgáfu tilskipunarinnar sem á endanum var samþykkt og eldri útgáfa umrætt ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar. Það ákvæði kveður einmitt á um tilhögun þátttöku starfsmanna í samrunafélaginu og var ákvæðinu því ætlað að slá á áhyggjur umræddra aðildarríkja. Kjarna ákvæðisins má finna í tillögu Framkvæmdastjórnarinnar að tilskipuninni:

„Article 14 (nú 16. gr.) is relevant only in a situation where one of the merging companies has a participation regime, be it compulsory or voluntary, and the law of the Member State where the company created by merger is to be incorporated does not impose compulsory employee participation. In all other cases, the national law applicable to the company created by merger determines the rules on employees' involvement.“

Samkvæmt þessu kemur ákvæðið aðeins til greina þegar eitthvað af samrunafélagunum er með þátttökukerfi, hvort sem það er valkvætt eða skyldubundið, og landsréttur þess aðildarríkis þar sem hið sameinaða félag mun vera staðsett kveður ekki á um slíkt kerfi. Ákvæði 16. gr. felur samkvæmt þessu í sér „fyrir og eftir“ meginregluna, þ.e. að þátttökuréttur fyrir samruna sé grundvöllur þess réttar sem verður til staðar eftir samruna.

Það er mat undirritaðs að vernd þátttökuréttinda starfsmanna skv. tilskipuninni sé afar umfangsmikil enda leiðir af 16. gr. að það þátttökuréttindakerfi sem er hliðhollast starfsmönnum verður viðhaft um samrunafélagið. Þannig getur samninganefnd starfsmanna hafnað samningaumleitunum eða bundið enda á þær á hvaða tímapunkti sem er og þá skal fara um aðild starfsmanna skv. almennu reglunum, en þar er m.v. að aldrei skuli ganga skemur en það sem best gerist hjá einhverju samrunafélaginu. Vegna þessa hafa tilteknir fræðimenn talið að ákvæðið feli prima facie í sér hindrun á stofnsetningarrétti félaga, sem verndaður er af Rómarsáttmálanum sem og EES-samningnum. Það á sérstaklega við ef viðkomandi landslög leggja almennt bann við skráningu hins sameinaða félags ef álitamál er þátttökuréttindi eru ekki til lykta leidd. Evrópudómstóllinn hefur ekki tekið efnislega afstöðu til ákvæðisins en í Sevic málinu, sem er ástæðan að baki tilskipuninni, kvað dómstóllinn á um að hagsmunir starfsmanna gætu við ákveðnar kringumstæður og að

uppfylltum tilteknum skilyrðum réttlætt hindrun á stofnsetningarréttinum, svo lengi sem ákvæðin myndu henta til að ná markmiðum sínum og gengu ekki lengra en þyrfti til að ná þeim markmiðum (skynsemisreglan).


Að mati undirritaðs er ekki ljóst hvort að 16. gr. tilskipunarinnar uppfylli skilyrði skynsemisreglunnar. Fyrir það fyrsta þá þarf landsréttarreglan að vera sett til höfuðs almennum hagsmunum. Evrópudómstóllinn taldi upp fjögur atriði í Cassis málinu sem falla hér undir, þ.e. skilvirkni fjármálaeftirlits, vernd almannaheilsu, sanngjarnir viðskiptahættir og neytendavernd. Þessi upptalning var hins vegar ekki tæmandi. Frá Cassis málinu hefur dómstóllinn viðurkennt að önnur atriði falli undir hugtakið almennir hagsmunir, t.d. hindrun ósanngjarnar samkeppni, umhverfisvernd, efling starfsskilyrða starfsmanna, öryggi vara, efling menningar og vernd menningararfleifðar. Undirritaður telur hagsmuni starfsmanna af þátttöku í stjórnnum félaga tæpast til almennra hagsmuna sem réttlæta hindrun á stofnsetningarréttinum, enda aðeins um að ræða þröngt afmarkaða hagsmuni tiltekins hóps. Þar að auki er búið að samræma réttindi starfsmanna við samruna að öðru leyti, t.a.m. með tilskipun 2001/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar og tilskipun 2002/14/EB um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Þar til Evrópudómstóllinn eða EFTA dómstóllinn hafa úrskurðað um álitamál þetta er ljóst að öll löggjöf sem miðar að innleiðingu ákvæðis 16. gr. tilskipunarinnar verður að taka mið af tilvist þess og þannig verður löggjafinn að búa svo um hnútana að hér verði ekki í lög leidd sér íslensk ákvæði er gætu stangast á við stofnsetningarréttinn. Réttaróvissa af því tagi er hvorki til hagsbóta fyrir viðkomandi samrunafélög né heldur starfsmenn þeirra.

Að mati Viðskiptaráðs er afar óljóst hvort frumvarpið feli í sér umræddan kjarna tilskipunarinnar, þ.e. vernd áunnina réttinda, þrátt fyrir að það sé nefnt í 2. gr. þess. Eins og að framan segir þá felur 16. gr. í sér „fyrir og eftir“ meginregluna og því þarf frumvarp þetta að bera skýrlega með sér að ef þáttökuréttindi starfsmanna eru engin í viðkomandi samrunafélögum þá sé þess ekki krafist að hið sameinaða félagi setji slíkar reglur eða fari eftir reglum frumvarpsins að öðru leyti. Inngangur að greinargerð frumvarpsins ber reglu þessa með sér, en hún þyrfti að koma fram í lagatextanum sjálfum. Því telur Viðskiptaráð að kveða þurfi skýrlega á um framangreint í 1. gr. svo og 14. gr. frumvarpsins. Slík breyting er afar mikilvæg í ljósi ofangreindrar óvissu um áhrif 16. gr. á stofnsetningarrétt félaga. Að auki væri rétt að ráðfæra sig við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um hvernig sambærilegri lagasetningu í öðrum löndum hefur verið háttað.

Viðskiptaráð leggur til að bætt verði við 1. gr. að lögin gildi ekki þegar þáttökuréttindi starfsmanna eru engin í viðkomandi samrunafélögum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að tekið verði tillit til framangreindrar athugasemdar og að aflað verði upplýsinga hjá ESA um sambærilega lagasetningu í öðrum ríkjum.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs